

## Gjaldskrá fyrir meðhöndlun úrgangs í Vestmannaeyjum 2018

### 1.grein

Gjaldskrá þessi er unnin í samræmi við ákvæði 1. og 2. mgr. 11. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og er sett samkvæmt ákvæðum 11. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar. Hún er í samræmi við Samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Vestmannaeyjum nr. 761 frá 2006.

### 2.grein

Gjald fyrir íbúðir:

Sorphreinsun á íbúð 17.055 kr. á ári

Sorpeyðingargjald á íbúð 38.056 kr. á ári

Grunngjald á lögaðila: 32.201 kr. á ári án VSK

Heiti	pr/m3	Skýring
Óflokkaður blandaður rekstrarúrgangur	20.835 kr.	Óflokkaður úrgangur, t.d. lífrænn úrgangur blandaður rekstrarúrgangi.
Blandaður Rekstrarúrgangur	13.891 kr.	Almennt sorp, veiðafæri, spillt endurvinnsluefni
Lífrænn úrgangur	3.968 kr.	Ómengaður lífrænn úrgangur (ekker plast eða utanaðkomandi, sláturúrgangur er undanskilinn v/beina)
Ólitað timbur	3.968 kr.	Bretti - ómálað timbur
Litað timbur	6.614 kr.	Gagnavarið, málað, spónlagt o.fl.
Óvirkur úrgangur (urðun)	3.968 kr.	Gler, jarðvegur, steypubrot
Endurvinnsluefni	0 kr.	Pappi, plast, hjólbarðar, málmar, landbúnaðarplast,raftæki
Garðaúrgangur	0 kr.	Gras, trjágreinir,lauf
Annað		Skv tilboði.
Spilliefni		Skv. gjaldskrá móttökustöðva (Efnamóttakan)
Sóttmengaður úrgangur		Skv tilboði

Öll verð eru án VSK

Grunngjald skal innheimta af öllum lögaðilum, þ.m.t. útgerðir, einyrkjar, þeir sem eru með rekstur í heimahúsi og af heimagistþjónustu.

Undanþegnir grunngjaldinu eru þó félagasamtök án skrifstofu, og fyrirtæki sem ekki eru í rekstri. Álag á pressað sorp skal vera 100%. Heimilt er að innheimta kostnað vegna umfram meðhöndlunar á úrgangi frá úrgangshafa, gjöld vegna þessa skulu ekki vera hærri en sem nemur raunkostnaði vegna umfram meðhöndlunar.

Undanþeginn magngjaldtöku eru bifreiðar sem bera úrvinnslugjald.

### 3.grein

Hægt er að nálgast flokkunarreglur á vef bæjarins [www.vestmannaeyjar.is/sorp](http://www.vestmannaeyjar.is/sorp) eða í síma 4882530. Allar upphæðir eru án vsk.

Gjaldskrá þessi, sem er samþykkt af bæjarstjórn Vestmannaeyja þann 21. desember 2016, staðfestist hér með, skv. 5. mgr 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum og öðlast gildi þegar í stað.

Vestmannaeyjum 9. janúar 2018

Ólafur Þór Snorrason,  
framkvæmdastjóri